

Eftirlit í kjölfar ábendingar í RK-108 ehf.

Dagsetning	25. nóvember 2019
Fyrirtæki	RK-108 ehf.
Heimilisfang	Malarhöfða 2A, 110 Reykjavík
Kennitala	4306191440
Starfsemi	Meðhöndlun og húðun málma
Tengiliður fyrirtækis	Þróstur Gísli Jónsson
Eftirlitsstaður	Aðstaða að Malarhöfða 2A
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Þróstur Gísli Jónsson
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Fulltrúar Umhverfisstofnunar	Einar Oddsson Gísli Rúnar Gíslason (eftirlit á vettvangi) Ísak Sigurjón Bragason (eftirlit á vettvangi)
Málsnúmer	UST201911-142

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun barst tilkynning frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um efnavörur sem uppfylli ekki tiltekin skilyrði efnalaga nr. 61/2013 hjá fyrirtækinu RK-108 ehf. Vörurnar voru skoðaðar með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP) og reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Skoðun á vörunum og gögnum sem fylgja þeim leiddi í ljós frávik frá kröfum hvað varðar merkingar á umbúðum varanna og form og innihald öryggisblaða.

Umhverfisstofnun hefur farið fram á að RK-108 ehf. sendi stofnuninni, eigi síðar en 28. janúar 2020, afrit af íslenskum merkimiða fyrir vörurnar *PMB 6905 Illusion Cherry* og *PMB 4620 Illusion Orange*, sem lento í úrtaki eftilsins á staðnum, sem er uppfærður skv. reglugerð nr. 415/2014 (CLP) á þann hátt að merkingarnar standist kröfur reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Jafnframt er gerð krafra um að eintök varanna á vinnustaðnum verði endurmerkt með réttri merkingu þegar hún liggar fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun. Umbúðir skulu samkvæmt reglugerð merktar með nafni, heimilisfangi og símanúmeri birgis, vörukenni, viðvörunarorði, magni efnis eða efnablöndu, hættumerkjum, hættusetningum og varnaðarsetningum. Texti merkinganna varðandi viðvörunarorð, hættusetningar og varnaðarsetningar skal vera á íslensku.

Öryggisblöð tilheyrandi vara sem skoðuð voru í tengslum við eftirlitið uppfylla ekki kröfur REACH reglugerðarinnar en í ljósi þess að Vinnueftirlitið hefur þegar krafist þess að öryggisblöð sem standast

kröfur REACH séu fyrir hendi og veitt fyrirtækinu frest til þeirra úrbóta mun Umhverfisstofnun ekki aðhafast hvað það varðar að svo stöddu.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga birtir Umhverfisstofnun á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir.

UMFANG EFTIRLITS

Þann 20. nóvember 2019 barst Umhverfisstofnun tilkynning frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með myndum af efnavörum er fundust í reglubundnu eftirliti og úttekt þeirra hjá fyrirtækinu RK-108, Malarhöfða 2a. Myndirnar sýndu vörur sem ýmist virtist hafa verið umpakkað í plastfötur og merktar með litauðkennum eða voru í pappakössum með erlendum merkingum frá fyrirtækjunum Hsinda (Kína) og Prismatic Powders (USA). Myndirnar sýndu ekki merkingar í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 um merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP) eða reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sama heitis. Í tilkynningunni kom fram að um sé að ræða gamlan efnalager frá fyrirtækinu Flexo Ltd., Smiðjuvegi 72, Kópavogi, sem RK-108 keypti. Einnig kom fram að öryggisblöð fyrir vörurnar væru ekki fyrir hendi hjá fyrirtækinu en að slík blöð sem fundust á netinu fyrir litaduft frá fyrirtækinu Prismatic Powders gæfu til kynna að um hættuflokkar efnavörur sé að ræða og merkingum því ábótavant.

Umhverfisstofnun hafði samband við Vinnueftirlitið í ljósi þess að um vinnuverndarmál væri að ræða. Vinnueftirlitið veitti þær upplýsingar að eftirlitsmaður þeirra hefði þegar heimsótt fyrirtækið í kjölfar ábendingar frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og myndi gera ýmsar kröfur um úrbætur, m.a. um að útvega skyldi öryggisblöð fyrir hættumerkt efni og kynna starfsmönnum efni öryggisblaðanna.

Þann 22. nóvember sl. fóru starfsmenn Umhverfisstofnunar í eftirlitsferð í RK-108, Malarhöfða 2A, til frekari skoðunar og upplýsingaöflunar. Í eftirlitinu kom í ljós að um var að ræða nokkurn fjöldi af efnavörum á föstu formi (duft) til notkunar við dufthúðun málma. Efnin voru í plastpokum sem geymdir voru í lokaðum plastfötum. Á pokunum voru límmiðar með rýrum upplýsingum um efnið (s.s. heiti litar) og fyrirtækið sem pantaði efnið. Engar upplýsingar voru fyrir hendi á umbúðum um hættu sem kynni að stafa af notkun efnanna.

Fulltrúi fyrirtækisins upplýsti eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar um að sumar varanna hefðu verið keyptar hér á landi sem hluti af lager fyrirtækisins Flexo ehf. en að aðrar hefði RK-108 ehf. flutt inn frá Prismatic Powders í Bandaríkjunum. Hann upplýsti einnig að vörurnar sem fyrirtækið flutti inn hefðu borist saman í einum pappakassa pakkað í framangreinda plastpoka.

Eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar bentu fulltrúa fyrirtækisins á að í þeim tilfellum sem fyrirtækið flytur inn efnavörur beint frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) leggi það umtalsverðar skyldur á herðar fyrirtækinu hvað varðar ákvæði efnalaga. Það ætti þannig t.a.m. við um kröfur um hættuflokkun, merkingar, öryggisblöð og skráningu. Nánar er útlistað að neðan hverjar þessara krafna voru skoðaðar í þessu eftirliti.

ÖRYGGISBLÖÐ

Reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH)¹ innleiðir reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni. Eins og titill reglugerðarinnar gefur til kynna fjallar hún um ýmsar kröfur sem gerðar eru til efnavöru

¹ Samsett reglugerð nr. 888/2015 á vef Umhverfisstofnunar:

<https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/REACH/samsett-reglugerd-nr-888-2015.html>

á markaði innan EES. Í þessu eftirliti var kannað hvort að vörunum sem voru til skoðunar fylgdu öryggisblöð sem uppfylltu skilyrði efnalaga og REACH reglugerðarinnar.

Um öryggisblöð er fjallað í 30. gr. efnalaga nr. 61/2013, 5. gr. reglugerðar nr. 888/2015 og 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006. Kröfur um samantekt öryggisblaða er að finna í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 með síðari breytingum.²

Öryggisblöð skulu fylgja efnavörum sem flokkast sem hættulegar skv. ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna³. Þau skulu vera á íslensku eða ensku (krafa um að öryggisblöð séu á íslensku sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 888/2015 er úreld eftir breytingu á efnalögum sem tók gildi 1. júlí 2019). Kröfur um innihald og form öryggisblaða eru settar fram með ítarlegum hætti í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Þægilegast er að nálgast viðaukann á íslensku á vef EFTA (sjá slóð í neðanmálgrein).

Öryggisblöð eiga að gera lesanda þeirra grein fyrir hættu sem stafar af efni eða blöndu og upplýsa um örugga geymslu, meðhöndlun og förgun efnisins eða blöndunnar. Öryggisblöð skulu vera í 16 liðum með mismögum undirliðum eins og nánar er útlistað í framangreindum viðauka. Meðal þess sem koma skal fram í öryggisblöðum er:

- upplýsingar um viðeigandi og tilgreinda notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá (liður 1.2),
- símanúmer Eitrunarmiðstöðvar LSH (liður 1.4),
- flokkun efnisins eða blöndunnar skv. flokkunariðmiðum í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (liður 2.1),
- merkingaratriði í samræmi við flokkunina sem birta skal á umbúðum vörunnar (liður 2.2),
- ýmsar upplýsingar um innihaldsefni í tilfelli efnablandna (liður 3.2),
- viðeigandi persónuhlífar við vinnu með vöruna (liður 8.2.)
og margt fleira.

Fyrir heildarlýsingu krafna til innihalds öryggisblaða vísast sem fyrr segir í II. viðauka við REACH.

SKRÁNING HJÁ EFNASTOFNUN EVRÓPU

Önnur skylda sem REACH reglugerðin leggur á innflytjendur og framleiðendur er skráningarskylda. Samkvæmt reglugerðinni þurfa þeir sem framleiða eða flytja inn efni í meira magni en sem nemur einu tonni á ári, hvort sem þau eru hrein eða í efnablöndu, að skrá efnið hjá Efnastofnun Evrópu (ECHA)⁴. Með innflutningi er átt við innflutning inn á Evrópska efnahagssvæðið. Ekki má framleiða né markaðssetja efni, hvort sem þau eru hrein eða í efnablöndum, nema þau hafi verið skráð. Athugið þó að í tilfellum innfluttra efnablandna er skráningarskyldan á hvert efni (frumefni eða efnasamband) þegar magn þess nær 1 tonni á ári en ekki á efnablönduna sem slíka. Jafnframt eru tiltekin efni undanþegin skráningu, þar á meðal fjölliður.

Í sumum tilfellum hafa framleiðendur efna með staðfestu utan EES tilnefnt, með gagnkvæmu samkomulagi, einstakling eða lögaðila sem hefur staðfestu innan EES sem sinn eina fulltrúa (e. only representative). Í slíkum tilfellum fellur það í hlut eina fulltrúans að rækja þær skyldur sem reglugerðin

² Íslensk þýðing II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 á vef EFTA:

<https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32015R0830.pdf>

³ Samsett reglugerð nr. 415/2014 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/samsett-reglugerd-nr-415-2014.html>

⁴ Vefur Efnastofnunar Evrópu: <https://echa.europa.eu/>

leggur á herðar innflytjendum og innflytjandinn verður þá eftirnotandi í skilningi reglugerðarinnar. Skráningarskyldan sem lýst er að framan fellur í hlut eina fulltrúans hafi hann verið tilnefndur.

Flokkun

Í CLP (reglugerð (EB) nr. 1272/2008) og viðaukum við hana má finna upplýsingar og leiðbeiningar um það hvernig ber að flokka og merkja efni og efnablöndu. Efni má eingöngu markaðssetja ef búið er að flokka það samkvæmt reglugerðinni eða staðfesta að efnið sé ekki hættulegt, en þá á flokkun ekki við. Samræmd flokkun efna (opinberi listinn) yfir efni sem flokuð hafa verið sem hættuleg er birt í töflu 3 í 3. hluta VI. viðauka við CLP. Hann er líka að finna í flokkunar- og merkingaskrá Efnastofnunar Evrópu⁵ en þar er enn fremur til staðar flokkun annarra efna sem er byggð á tilkynningum frá framleiðendum og innflytjendum. Þeir sem eiga að tilkynna í flokkunar- og merkingaskrá Efnastofnunar Evrópu eru framleiðendur hreinna efna, innflytjendur hreinna efna frá löndum utan EES, framleiðendur efnablandna sem flytja inn hráefni frá löndum utan EES og innflytjendur efnablandna frá löndum utan EES. Efni skal hættuflokka í samræmi við samræmda flokkun sé hún fyrilliggjandi. Athugið að birgir þarf sjálfur að taka afstöðu til flokkunar efnisins hvað varðar hættuflokka sem ekki koma fram í samræmdu flokkuninni.

Efnablöndur ber að flokka í samræmi við CLP. Það má gera með því að nota:

- upplýsingar um flokkun innhaldsefna blöndunnar til að reikna út hættuflokkun hennar í samræmi við I. viðauka. Til að meta hvort flokkun blöndunnar sé í samræmi við reglugerðina hvað þetta varðar þarf Umhverfisstofnun að fá upplýsingar um þá flokkun á innihaldsefnum sem stuðst er við samkvæmt ofangreindri flokkunar- og merkingaskrá ásamt styrkleika þeirra.
- gögn tiltæk um prófanir fyrir blönduna sem réttlæta flokkun hennar, sbr. 2.-3. mgr. í 9. gr. Í slíku tilfelli þarf Umhverfisstofnun að fá gögnin sem um ræðir til að meta réttmæti flokkunarinnar.
- líkindi við aðrar samsvarandi blöndur, s.k. brúunarregla (e. bridging principle), sbr. I. viðauka, liður 1.1.3. Hér þarf að liggja fyrir frá framleiðandanum nákvæmlega hvaða blöndu stuðst er við hvað þetta varðar ásamt forsendum fyrir flokkun hennar, sbr. framangreint.

MERKINGAR

Vörurnar voru skoðaðar með hliðsjón af því hvort að merkingar þeirra uppfylli kröfur sem gerðar eru til merkinga efna og efnablandna sem tilbúin eru til notkunar skv. 32. gr. efnalaga og reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP).

Eftirfarandi vörur sem fyrirtækið flytur inn féllu undir umfang eftirlitsins en Umhverfisstofnun vekur athygli á að þótt kröfur um úrbætur sem þurfa að berast stofnuninni beinist að þessum vörum sérstaklega er ljóst að fleiri vörur hjá fyrirtækinu standast ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þarfust því einnig lagfæringa hvað það varðar:

Vara
Prismatic Powders PMB 6905 Illusion Cherry
Prismatic Powders PMB 4620 Illusion Orange

Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram á merkimiða í samræmi við 32. grein efnalaga og CLP reglugerð:

⁵ Slóð að flokkunar- og merkingaskrá Efnastofnunar Evrópu: <https://echa.europa.eu/web/guest/information-on-chemicals/cl-inventory-database>

- Nafn, heimilisfang og símanúmer birgis eða birgja í samræmi við a. lið 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 skal vísa á þann birgi sem verður ábyrgur fyrir íslenskum merkimiða vörunnar. Birgir er skilgreindur sem framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifingaraðili sem setur á markað efni, eitt sér eða í blöndu, eða setur blöndu á markað. Sá aðili sem breytir efnavöru á einhvern hátt, þ.m.t. merkingunni m.a. með þýðingu, verður að skrá sig sem birgi.
- Tilgreint magn efnisins eða blöndunnar í vöru sem er tiltæk almenningi í samræmi við b. lið 17. gr. reglugerðar (EB) 1272/2008.
- Vörukenni í samræmi við b. lið 17. gr. og 18. gr. reglugerðar (EB) 1272/2008. Vörukenni eru upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á efnið eða blönduna. Í tilfelli efnis: efnaheiti og CAS/EB(EC) númer þess. Í tilfelli blöndu: vöruheiti og heiti allra þeirra efna í blöndunni sem hafa áhrif á flokkun hennar að því er varðar bráð eiturhrif, húðætingu eða alvarlegan augnskaða, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, krabbameinsvaldandi áhrif, eiturhrif á æxlun, næmingu öndunarfæra eða húðnæmingu, sértæk eiturhrif á marklífða (SEM) eða ásvelgingarhættu.
- Hættumerki í samræmi við d. lið 17. gr. og 19. gr. og töflu 1.3, í lið 1.2.1.4, I. viðauka reglugerðar (EB) 1272/2008 (sjá einnig í töflu 1 hér að neðan).
- Viðvörunarorð (Varúð eða hætta) í samræmi við e. lið 17. gr. og 20. gr. reglugerðar (EB) 1272/2008 á íslensku.
- Hættusetningarnar í samræmi við f. lið 17. gr. og 21. gr. reglugerðar (EB) 1272/2008 á íslensku.
- Varnaðarsetningarnar í samræmi við g. lið 17. gr. sbr. 22. gr. reglugerðar (EB) 1272/2008 á íslensku.
- Reitur fyrir viðbótamerkingar, þegar þörf krefur, sbr. 17. gr. og 25. gr. reglugerðar (EB) 1272/2008.

Tafla 1: Kröfur um lágmarksstærð merkimiða og hættumerkjja. Taflan samsvarar töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka við CLP með síðari breytingum.

Rúmmál umbúðanna	Stærð merkimiðans (mm)	Stærð hvers hættumerkis (mm)
ekki umfram 3 lítra	a.m.k. 52 × 74, ef unnt er	ekki minna en 10 × 10 a.m.k. 16 × 16, ef unnt er
meira en 3 lítrar en ekki meira en 50 lítrar	a.m.k. 74 × 105	a.m.k. 23 × 23
meira en 50 lítrar en ekki meira en 500 lítrar	a.m.k. 105 × 148	a.m.k. 32 × 32
meira en 500 lítrar	a.m.k. 148 × 210	a.m.k. 46 × 46

ATH: Við mælingu á stærð hættumerkis skal miða við lengd á hliðum merkisins eins og sýnt er á mynd 1 sbr. kafla 4.3.2 í leiðbeiningarriti ECHA um merkingar og umbúðir í samræmi við CLP⁶.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

FRÁVIK⁷

1. Flokkun varanna skv. CLP reglugerðinni liggur ekki fyrir né forsendur hennar, sbr. 3. gr og 4. gr., og I. viðauka reglugerðarinnar. (sjá jafnframt umfjöllun um flokkun í skýrlukaflanum „Umfang eftirlits“). Til að hættuflokka vöruna þurfa innihaldsefni hennar og styrkur að vera fyrirlyggjandi. Rétt hættuflokkun er grundvöllurinn að réttri hættumerkingu.
2. Viðvörunarorð á íslensku vantar, sbr. 32. gr. efnalaga, 4. gr. reglugerðar 415/2014 og e - lið 17. gr. og 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.
3. Hættusetningar á íslensku vantar, sbr. 32. gr. efnalaga, 5. gr. reglugerðar nr. 415/2014 og f - lið 17. gr. og 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.
4. Viðeigandi varnaðarsetningar á íslensku vantar, sbr. 32. gr. efnalaga, 5. gr. reglugerðar nr. 415/2014 og g - lið 17. gr. og 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008.
5. Nafn, heimilisfang og símanúmer þess birgis sem verður ábyrgur fyrir merkimiðanum á íslensku vantar, sbr. 17. gr. a- lið, reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 og 32. gr. efnalaga nr. 61/2013.
6. Vörukenni vantar, sbr. 18. gr., reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 .
7. Öryggisblöð með vörunum uppfylla ekki kröfur II. viðauka við REACH reglugerðina um form og innihald.

ÁBENDINGAR

Skráning efna hjá Efnastofnun Evrópu.

Ef innflutt magn tiltekins efnis sem er að finna í efnablöndum sem fyrirtækið flytur inn frá löndum utan EES nær 1 tonni á ári og efnið er ekki meðal þeirra sem undanþegin eru skráningu skv. ákvæðum REACH ber fyrirtækinu að skrá efnið hjá Efnastofnun Evrópu. Skráningar innihaldsefna í þeim vörum sem voru til skoðunar við eftirlitið voru ekki rannsakaðar að þessu sinni enda um lítið magn að ræða en Umhverfisstofnun beinir þeim tilmælum til fyrirtækisins að því að þessi skylda sé uppfyllt.

Varðandi merkingar:

⁶ Leiðbeiningarrit ECHA um merkingar og umbúðir í samræmi við CLP:

https://echa.europa.eu/documents/10162/23036412/clp_labelling_en.pdf/89628d94-573a-4024-86cc-0b4052a74d65

⁷ Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lögum eða reglugerðum

UFI-kóði

Minnum á UFI-kóðann sem mun verða merkingaratriði skv. CLP frá 1. janúar 2020, í því skyni að eitrunarmiðstöðvar geti auðveldlega greint tiltekna blöndu í neyðartilvikum
<https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-og-merking/ufi-kodar-fyrir-efnablondur/>.

Útfyllingar birgja/framleiðanda

Bendum á að oft þarf birgir/framleiðandi að velja sjálfur eða fylla inn í það sem á við í ákveðnum varnaðarsetningum, sbr. þar sem punktar og skástriki eru þar til staðar.

Verkfæri til að auðvelda gerð hættumerkinga

Vakin er athygli á því að á vefsíðu Umhverfisstofnunar má nálgast verkfæri sem útbúið var af stofnuninni til að auðvelda þeim sem vinna við gerð umbúðarmerkinga skv. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna að fletta upp stöðluðum texta hættu- og varnaðarsetninga. Verkfærið má nálgast á eftirfarandi slóð: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/haettumerkingar-efnavara-verkfaeri.html>

Reykjavík, 6. janúar **2020**



Einar Oddsson og Ísak Sigurjón Bragason

